

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

MEÐFERÐ UMSÓKNA OG STYRKJA ÚR ATVINNUÞRÓUNARSJÓÐUM

15. DESEMBER 2010

Tilfni ábendingar: Styrkir til Fræðaveitunnar ehf.

Vorið 2010 greindu fjölmiðar frá styrkveitingum þriggja atvinnuþróunarsjóða til Fræðaveitunnar ehf. Fram kom að félagið þáði á árunum 2008 og 2009 styrki úr þessum sjóðum til tiltekinnar verkefna en skilaði ekki framvindu- eða lokaskýrslum um þau eins og henni bar. Vegna þessa kannaði Ríkisendurskoðun styrkveitingar sjóðanna til félagsins og hvernig þeir fylgja almennt eftir framvindu þeirra verkefna sem þeir styrkja.

Gagnvirk upplýsingaveita um vötn og veiði

Árið 2008 veittu Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Vaxtarsamningur Norðurlands vestra Fræðaveitunni ehf. styrki til verkefnisins „Gagnvirk upplýsingaveita um vötn og veiði á Norðurlandi vestra“. Styrkur Framleiðnisjóðs nam 1 m.kr. Fyrsta greiðsla nam 400 þús.kr. og skyldi greiða 400 þús.kr. til viðbótar eftir að framvinduskýrslu hefði verið skilað og loks 200 þús.kr. eftir skil lokaskýrslu. Hvorugri skýrslunni var skilað á tilsettum tíma og var einungis upphafsgreiðsla innt af hendi. Styrkur Vaxtarsamnings Norðurlands vestra til verkefnisins nam 1,5 m.kr. Upphafsgreiðsla nam 900 þús.kr. og skyldi greiða afganginn þegar framvinduskýrsla hefði verið samþykkt. Henni hefur ekki verið skilað og seinni hluti styrkfjárhæðar ekki verið greiddur út.

Í styrkumsóknum Fræðaveitunnar ehf. til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Vaxtarsamnings Norðurlands vestra er Veiðimálastofnun tilgreind sem samstarfsstofnun við verkefnið „Gagnvirk upplýsingaveita um vötn og veiði á Norðurlandi vestra“. Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að þetta samstarf var án vitundar forstjóra Veiðimálastofnunar.

Hinn 14. desember 2010 tilkynnti Fræðaveitan ehf. Framleiðnisjóði og Vaxtarsamningi Norðurlands vestra að fallið hefði verið frá verkefnastyrk vegna tafa á verkefninu og endurgreiddi upphafsgreiðslurnar, samtals 1,3 m.kr.

Nýtingarmöguleikar og tilraunaveiðar á ósakola

Árið 2009 veitti AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi Fræðaveitunni ehf. 2,0 m.kr. styrk til verkefnisins „Nýtingarmöguleikar og tilraunaveiðar á nýrri tegund við Íslandsstrendur, ósakola“. Við samþykkt umsóknar voru greiddar 1,4 m.kr. Samkvæmt samningi skyldi greiða afganginn þegar lokaskýrsla hefði borist. Henni hefur ekki verið skilað í fullnægjandi gerð og lokagreiðsla ekki farið fram. Umsókn um framhaldsstyrk árið 2010 var einnig hafnað.

Þess ber einnig að geta að árin 2008–10 úthlutaði Verkefnasjóður sjávarútvegsins Veiðimálastofnun 8,2 m.kr. styrk til verkefna sem lúta að nýtingarmöguleikum og tilraunaveiðum á ósakola við Íslandsstrendur. Verkefnastjóri er eigandi Fræðaveitunnar sem jafnframt er starfsmaður Veiðimálastofnunar. Forstjóri Veiðimálastofnunar hefur staðfest að verkefnið er í vinnslu.

Framvinda verkefna almennt

Til að athuga hvort mál Fræðaveitunnar ehf. sé einkennandi fyrir verkefni sem atvinnuþróunarsjóðir styrkja kannaði Ríkisendurskoðun afdrif verkefna sem þeir styrktu árin 2008–09.

Árið 2008 styrkti AVS sjóðurinn 79 verkefni og er 76 þeirra lokið. Árið 2009 styrkti hann 79 verkefni og hefur þegar verið skilað fullnægjandi gögnum um verklok 65 þeirra. Árið 2008 styrkti Framleiðnisjóður landbúnaðarins 14 markaðsverkefni og er 13 þeirra lokið. Árið 2009 styrkti hann 5 markaðsverkefna og er 4 þeirra lokið. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra styrkti 13 verkefni árið 2008 og er 12 þeirra lokið. Árið 2009 voru styrkimir 18 og er 15 þeirra lokið.

Niðurstöður

Fræðaveitan ehf. fékk árin 2008 og 2009 greiddar samtals 2,7 m.kr. úr opinberum atvinnuþróunarsjóðum en hefur ekki greint frá framgangi verkefna. Sjóðirnir fylgja eigin verklagsreglum og greiða ekki út seinni hluta styrkja fyrr en viðeigandi gögn hafa borrist. Framgangur verkefna sem sjóðirnir styrkja virðist almennt ágætur og lýkur langflestum þeirra innan settra tímamarka.

Ríkisendurskoðun telur rétt að atvinnuþróunarsjóðirnir auki við verklagsreglur sínar ákvæðum um kröfur til umsókna og endurgreiðslur styrkja verði verulegur dráttur á framvindu verkefna.

LAGT ER TIL AÐ SJÓÐIRNIR GERI KRÖFU UM AÐ STYRKUMSÆKJENDUR GREINI FRÁ ÖÐRUM STYRKJUM SEM ÞEIR ÞIGGJA EÐA HAFU ÞEIGIÐ FRÁ OPINBERUM SJÓÐUM.

LAGT ER TIL AÐ SJÓÐIRNIR KALLI EFTIR STAÐFESTINGU SAMSTARFSADILA UMSÆKJENDA UM ÞÁTTTÖKU ÞEIRRA.

LAGT ER TIL AÐ SJÓÐIRNIR KREFJIST ENDURGREIÐSLU ÚTGREIÐRA STYRKHLUTA VERÐI VERULEGUR ÓÚTSKÝRÐUR DRÁTTUR Á FRAMVINDU- EÐA LOKASKÝRSLUM VERKEFNA.

